

Euroclio 2022

Greinargerð FFF

Stjórn Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum (FFF) fékk styrk frá SEF fyrir þátttöku í árlegri ráðstefnu Euroclio. Euroclio eru evrópsk samtök sögukennara og kennslu í borgaravitund. FFF er aðili að Euroclio samtökunum. Árlegar ráðstefnur Euroclio byggja á fyrirlestrum og þátttöku kennara í vinnuhópum.

Gunnvör Rósa Eyvindardóttir formaður FFF og Júlía Björnsdóttir ritari FFF fóru fyrir hönd félagsins á ráðstefnu Euroclio 2022. Ráðstefnan var haldin í Bologna og Ferrara dagana 28. apríl til 1. maí 2022. Ráðstefnan féll niður árin 2020 og 2021 og var því eftirvænting meðal þátttakenda að hittast til að bera saman bækur og ræða sögu- og félagsgreinakenndu.

Yfirskrift ráðstefnunnar í Bologna og Ferrara 2022 var **What is history for?**



Iryna Kostyuk speaking about the present situation in Ukraine and the state of history education in the country. Photo:

David Sypniewski

Lively workshop discussions

Dagskrá ráðstefnunnar var þétt með fyrirlestrum og vinnustofum tengdum viðfangsefni ráðstefnunnar. Að auki var dagskrá fyrir þátttakendur eins og spilakvöld, barsvar, hátíðarkvöldverður og söguferð um borgirnar sem nemendur í ensku og sagnfræði við háskólann



í Bologna leiddu. Í lok ráðstefnunnar var aðalfundur Euroclio haldinn sem Rósa sótti með kosningarétt fyrir hönd félagsins.

Heildarfjöldi þátttakenda á ráðstefnunni í ár var um 100 manns víðsvegar að úr heiminum. Auk Rósu og Júlíu sóttu níu Íslendingar ráðstefnuna úr nokkrum framhaldsskólum landsins, þar á meðal Lóa Steinunn Kristjánsdóttir félagsfræðikennari í MS og fyrrum forseti Euroclio. Ráðstefnan þótti fróðleg og nytsamleg í alla staði.



Slóð á samantekt Euroclio um ráðstefnuna má finna [HÉR](#).



Workshop on connecting schools and museums for learning, run by The History Co:Lab and Staatliche Museen zu Berlin:

Emily Wegner and Leonard Schmieding. Photo: David Sypniewski

The power of meeting (in person!)

Myndir með greinargerð: úr samantekt Euroclio og frá Júlíu Björnsdóttur.